



Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa foreldra barna í grunnskólum Reykjavíkur

89. fundur skóla- og frístundaráðs, 25. nóv. 2015, sjá [fundargerð](#)

15. liður

Vegna innleiðingar nýs námsmats í grunnskólum og gildistöku nýs einkunnakvarða við lok grunnskóla vorið 2016.

Í ár munu nemendur í 10. bekk í fyrsta sinn verða metnir skv. nýju námsmati og notast verður við einkunnakvarðann A, B, C, D. Svo virðist sem grunnskólar í Reykjavík séu mislangt á veg komnir með að innleiða nýtt námsmat. Nú þegar vel er liðið á skólaárið virðast foreldrar og nemendur í mörgum skólum ekki hafa fengið kynningu á því hvernig nemendur verða metnir í vor. Fæstir skólar virðast hafa birt á heimasíðum sínum útfærslu á námsmatinu. Þeir skólar sem hafa birt námsmatið á heimasíðum sínum, virðast ekki endilega hafa sama skilning á því hvernig skuli útfæra námsmatið.

- Veit skóla- og frístundasvið hvernig þessi mál standa í borginni?
- Hefur verið kannað í einstökum skólum borgarinnar hvernig skólarnir hyggjast haga námsmatinu í vetur og hvort og með hvaða hætti það hafi verið kynnt nemendum og foreldrum?

Það er afar brýnt, svo ekki sé dýpra í árina tekið, að foreldrar og nemendur, sérstaklega í 10. bekk, fái sem fyrst nákvæmar upplýsingar um það með hvaða hætti námsmati verður háttað í vor, hvaða þættir liggja til grundvallar og hvernig lokaeinkunn í vor verður fundin. Það hlýtur að vera eðlileg krafa að þegar nemendur hefja nám að hausti að nemendum og foreldrum þeirra sé kleift að kynna sér hvernig mati á námi þeirra verður háttað.

Svar barst á fundi 9. mars 2016 ([sjá fundargerð](#), 14. lið).

SFS2015110177